

þeim degi til 22. mars 1983, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, auk kr. 45.000,00 í málskostnað, gegn afhendingu hlutabréfa með árituðum framsölum, eins og nánar greinir í forsendum dómsins.

Föstudaginn 29. nóvember 1985.

Nr. 131/1984. **Independent Factoring A/B**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Útilífi h/f

(Páll A. Pálsson hrl.)

Kaup. Framsal kröfu til tryggingar. Greiðsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1984. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 128.901,00 sænskar krónur með 24% ársvöxtum frá 30. nóvember 1982 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Vöruheikningur Scandinavian Fashion A/B til stefnda var sjö tölusettar blaðsíður. Samtala einstakra reikningsliða var aðeins færð sem lokafjárhæð í þar til gerðan reit neðarlega til hægri á síðustu blaðsíðu. Þar fyrir neðan var skráð í sérstakan reit þvert yfir reikningsblaðið áletrun sú, sem í héraðsdómi er greind, en þó þannig, að númer pósthótelreiknings og bankagírreiknings áfrýjanda voru skráð í sérstakan þar til gerða reiti í horninu allra neðst til hægri. Voru þeir reitir auðkenndir með sérstökum lit og á þá

prentað með skýru letri orðin: POSTGIRO og BANKGIRO.

Áletrunin um, að krafan samkvæmt vörureikningnum hefði verið framseld til áfrýjanda, var rituð á síðasta reikningsblaðið undir lokatölu reikningsfjárhæðarinnar, svo sem sagt var. Áletrunin var að vísu rituð með sama letri og annar vélritaður texti vörureikningsins. Eigi að síður var hún svo áberandi, að starfsmönnum stefnda, sem önnuðust greiðslu reikningsins, átti ekki að sjást yfir hana. Höfðu þeir eigi heldur ástæðu til að ætla, að hún stafaði frá öðrum en Scandinavian Fashion A/B, þótt hún væri ekki sérstaklega undirrituð. Verður samkvæmt þessu að telja, að stefndi hafi ekki sýnt næga aðgæslu, er hann greiddi reikninginn til Scandinavian Fashion A/B í stað áfrýjanda eftir þeim fyrirmælum, sem í áletruninni fólust. Ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Í málflytningi hafa aðiljar miðað við það, að um dáttarvexti af kröfu áfrýjanda eigi að fara eftir íslenskum réttarreglum. Hafa ekki komið fram í málinu upplýsingar um hæð dráttarvaxta í Svíþjóð. Fyrir Hæstarétt hafa hins vegar verið lagðar upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um almenna sparisjóðsvexti þar í landi frá 1. nóvember 1982 að telja. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og með vísan til 2., mgr. c liðar IV. kafla í auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl., sem út voru gefnar 29. október 1982, 16. september 1983, 17. nóvember 1983, 16. desember 1983, 21. janúar 1984, 9. maí 1984, 2. ágúst 1984, 20. desember 1984 og 3. maí 1985, verða vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir 14% ársvextir frá 30. nóvember 1982 til 21. janúar 1983, 13% ársvextir frá þeim degi til 8. apríl 1983, 12,5% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1984, 13,5% ársvextir frá þeim degi til 29. júní 1984, 14,5% ársvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1985, en 15,5% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 140.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útilíf h/f, greiði áfrýjanda, Independent Factoring A/B, 128.901,00 sænskar krónur með 14% ársvöxtum frá 30. október 1982, til 21. janúar 1983, 13% ársvöxtum frá þeim

degi til 8. apríl s.á., 12,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1984, 13,5% ársvöxtum frá þeim degi til 29. júní s.á., 14,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1985 og 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals 140.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara af ástæðum þeim, er hér greinir:

Vörureikningur Scandinavian Fashion A/B til stefnda var sjö tölusettar blaðsíður. Áletrunin um, að krafan samkvæmt reikningnum hefði verið framseld til áfrýjanda, var aðeins rituð á síðasta reikningsblaðið á ekki nægilega áberandi stað og með sama lettri og annar vélritaður texti vörureikningsins. Þar við bætist að framsal þetta var óundirritað og hvað sem líður nauðsyn slíkrar undirritunar varðandi lögmæti framsalsins þá hefði hún að minnsta kosti verið til þess fallin að vekja athygli stefnda á framsalinu. Framsal á kröfum af þessu tagi verður að vera svo afgerandi og áberandi, að eigi sé hættá á, að það dyljist skuldara. Þetta framsal tel ég ekki fullnægja þeirri kröfu.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms, tel ég, að beri að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 120.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. apríl 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. mars 1984, hefur Guðjón Steingrímsson hrl., Hafnarfirði f.h. Independent Factoring A/B, Stokkhólmi, Svíþjóð, höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 13. desember 1983 gegn Útilífi h.f., 9032-7312, Álftheimum 74, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sænskar kr. 128.901,00 með 24% ársvöxtum frá 30.11. 1982 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Krafist er dómvaxta af dæmdum málskost-

aði frá þeim degi til (sic) dómurinn verður afararhæfur og til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

II.

Stefndi, Útilíf h/f, rekur heilidsölu og smásöluverslun í Reykjavík og flytur inn og selur fatnað, sportvörur og fleira þess háttar.

Stefnandi, Independent Factoring A/B, er fjármögnunarfyrirtæki í Stokkhólmi, sem veitir viðskiptamönnum sínum lán gegn veði í vörureikningum.

Það er efni máls þessa, að í febrúar 1982 pantaði stefndi Útilíf h/f tiltekna vörur hjá fyrirtækinu Scandinavian Fashion A/B í Stokkhólmi. Þetta voru vörur frá framleiðslufyrirtæki á Ítalíu, sem Scandinavian Fashion A/B hafði Norðurlandaumboð fyrir. Scandinavian Fashion A/B hafði með samningi, dagsettum 21.12. 1981, fyrirfram veðsett Independent Factoring A/B kröfur sínar á viðskiptamenn sína, þ.e. vörureikninga sína.

Með vörureikningi, dagsettum 4. október 1982, sendi Scandinavian Fashion A/B stefnda Útilífi h/f fyrrihluta umræddrar vörupöntunar. Var reikningsfjárhæðin stefnufjárhæðin í máli þessu. Á reikninginn var skráð við hliðina á niðurstöðutölu hans:

„Krafa okkar samkvæmt þessum vörureikningi hefur verið framseld Independent factoring ab, box 7463, 10392 Stockholm. Greiðsla skal því berast Independent factoring um neðanskraða bankagíró eða póstagíró: Póstgíró 4464627-1 Bankagíró 520-6271.“

Varan kom til Reykjavíkur hinn 20.10. 1982 og var flutt í skála viðkomandi skipafélags. Stefndi leysti hana út hinn 13. desember 1982. Hafði hann þann hátt á, að hann sneri sér til Landsbanka Íslands, sótti um kaup á tékkaávisun til handa Scandinavian Fashion A/B í sænskum krónum fyrir reikningsfjárhæðinni. Gaf bankinn út ávisun í samræmi við beiðni stefnda, þ.e. á Scandinavian Fashion A/B, og stimplaði vörureikninginn með orðunum „má afgreiða.“ Jafnframt stóð stefndi skil á tolli. Fékk hann síðan vöruna afhenta.

Að fenginni ítrekun á kröfunni frá Independent Factoring A/B, sendi stefndi, Útilíf h/f, Scandinavian Fashion A/B svofellt bréf, hinn 15. júní 1983:

„Hér með fylgir bréf til okkar frá Independent Factoring, þar sem krafist er tvöfaldrar greiðslu á vörureikningi nr. 820156 ásamt vöxtum fyrir sama reikning.“

Þar eð við höfum þegar greitt yður þennan reikning milliliðalaust hinn 13. desember 82, (meðfylgjandi afrit), biðjum við yður að leysa þetta mál við þá.“

Ekki er fram komið, að á þessu stigi hafi stefndi komið neinum slíkum mótmælum á framfæri við stefnanda.

Með bréfi, dagsettu 25. ágúst 1983, sendi stefnandi lögmanni sínum í máli þessu kröfuna til innheimtu. Í því bréfi kemur fram, að þá er stefnanda kunnugt um hvers kyns var: „Gäldenären har felaktigt betalt fakturabeloppet til säljforetaget, trots att factoringbolaget meddelat att fakturorna överlåtits, vilket även framgår av fakturan. Gäldenären får därför tyvärr betala beloppet ännu en gång“, segir í bréfinu.

Bú Scandinavian Fashion var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 22. september 1983.

III.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að þegar stefndi greiddi, hafði hann í höndum yfirlýsingu seljanda vörunnar um, að krafan hefði verið framseld stefnanda og að það væri hinn nýi kröfuhafi, stefnandi, sem væri réttur viðtakandi greiðslu.

Gagnvart stefnda hafi þessi yfirlýsing verið skýrt og ótvírætt kröfuframsal. Gagnvart honum skipti það ekki máli, hvort heimild stefnanda að kröfunni var í raun framsal til eignar eða veðsetningar og framsal pro forma, og vitnar stefnandi þar um einkum til danskra og sænskra dóma og fræðiritra, m.a. W.E. von Eyben: Panterettigheder, 6 udg. 1980, bls. 443 og áfram, og Henning Skovgaard. Ufr. 1980, B 319, og dóma þeirra, sem vísað er til í þessum ritum, en stefnandi telur reglur íslensks réttar um vöruheingakröfur (factorfordringer) vera svipaðar þeim, sem gilda í Svíþjóð og Danmörku auk þess sem hann minnir á, að hér er um millirikjaviðskipti að tefla.

Þar sem ekki þurfi samþykki skuldarans til framsals á kröfuréttindum, og stefnda hafi verið tilkynnt um kröfuframsalið með algerlega fullnægjandi og forsvaranlegum hætti, þá telur stefnandi sig eiga rétt á greiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar úr hendi stefnda. Fráleitt sé fyrir stefnda að halda því fram, að hann hafi greitt í góðri trú, kröfuframsalið hafi verið skráð með sama letri og annar texti reikningsins við hliðina á niðurstöðutölu hans. Þá kröfu verði að gera til þeirra, er gera sér millirikjaviðskipti að atvinnu, að þeir auk þess að þekkja helstu réttarreglur séu læsir á það tungumál, sem viðskiptin fara fram á, og sýni lágmarksaðgæslu, ekki sist þegar þeir hefja viðskipti við nýjan viðskiptaaðilja.

IV.

Sjónarmið stefnda kom glöggst fram í framlagðri aðiljayfirlýsingu framkvæmdastjóra félagsins, Bjarna Sveinbjarnarsonar:

„Viðskipti okkar við Belfe (innskot: ítalska fyrirtækið, framleiðanda

vörunnar), sem hófust 1980, hafa alltaf verið á þann veg, að við höfum fengið öll skjöl yfir viðkomandi vörusendingar send beint þ.e. vöruheikning, frumrit farmbréfs (original B/L) og Efta skjal.

Það er síðan okkar að framvísa þessum reikningum á gjaldeyrisbanka og fá yfirfærslu, bréflaga eða með ávísun, sem síðan er send beint á viðkomandi fyrirtæki. Á þennan hátt fara mörg ef ekki flest okkar viðskipti við erlenda seljendur fram.

Oft má sjá á þessum reikningum, ef grannt er skoðað, nöfn á bönkum eða bankareikningum viðkomandi fyrirtækja, en aldrei hefur verið ætlast til að við tækjum tillit til þess.

Fyrstu tvö árin fengum við öll skjöl varðandi vörusendingar frá Belfe á Ítalíu send beint. Við sendum þeim greiðslu með ávísun eins og fyrr er getið. Á vörusýningu í febr. 1982 í München í Vestur-Þýzkalandi hittum við solumann Belfe, sem jafnframt er umboðsmaður þeirra fyrir Norðurlönd. Hann segir okkur að framvegis verði vörunnar sendar frá Svíþjóð, frá nýju fyrirtæki Scandinavian Fashion sem verði umboðsaðili Belfe fyrir Norðurlönd og greiðsla eigi að ganga beint til þeirra í stað Belfe áður.

Það stóð heima því þá um haustið fengum við alla reikninga og frumrit farmbréfs send beint frá Scandinavian Fashion og ekki orð um (sic) að greiðsla ætti að fara neitt annað en til þeirra.

Þegar við svo sendum þessa reikninga í banka til greiðslu (sic), dettur engum í hug að greiðsla eigi að fara nokkuð annað en til Scandinavian Fashion, þó svo illskiljanleg klásúla neðst á aftasta reikningi gefi eitthvað annað til kynna, enda tókum við ekki eftir henni fyrr en fyrsta reikningsyfirlit um áramót barst, þar sem reikningur þessi er talinn útistandandi. Þetta reikningsyfirlit var frá Independent Factoring. Við litum svo á að þar sem greiðslan var ekki innt af hendi fyrr en 13. desember væri hún ekki komin inn í tölvukerfið. Næsta greiðsla var svo innt af hendi 12. jan. 83 til Independent Fact. Síðan koma tvær ítrekanir til viðbótar, sem við endursendum með þeim ummælum að þetta væri greitt og greiðslan hefði verið send beint til Scandinavian Fashion og gáfum við upp áv. númer og greiðsludag...“

Það er meginmálsástæða stefnda, að tilkynning um framsal kröfunnar hafi verið svo með öllu ófullnægjandi, að hann hafi verið í góðri trú, þegar hann greiddi Scandinavian Fashion A/B vörunnar, því hafi hann leystst við að greiða þeim aðilja. Um þetta segir lögmaður stefnda svo í greinargerð:

„Stefndi greiddi vöruna á réttum tíma, og réttum aðila, á þann hátt, sem um hafði verið samið.

Þegar stefndi greiddi vörunnar var hann í góðri trú um að sá aðili, sem hann samdi við og var seljandi vörunnar, væri hinn eini og rétti viðtakandi greiðslunnar.

Ekkert hafði verið tilkynnt af hálfu stefnanda þess efnis að hann hefði orðið eigandi kröfunnar fyrir framsal eða að hann hafi á nokkurn hátt fært sönnur á slíku framsali, enda voru vörureikningarnir allir frá Scandinavian Fashion á reikningseyðublöðunum með yfirskrift fyrirtækisins svo var einnig með farmbréf.

Ógreinileg athugasemd neðst á öftustu síðu vörureikninganna, getur á engan hátt talist nægjanleg tilkynning, og því alls ekki á áhættu stefnda, að hann veitti neðanmálsmáletursathugasemd þessari enga athygli, þegar hann lét bankastimpla vörureikningana til þess að unnt væri að senda seljanda greiðslu sína.

Samkvæmt kröfurétti er það skilyrði þess að framsalshafi kröfu, geti byggt rétt á framsali, að skuldaranum sé um framsalið kunnugt og að það hafi verið tilkynnt honum með tryggilegum hætti.

Þetta vanrækti stefnandi með öllu og á því enga kröfu á hendur stefnda, sem mátti vera í góðri trú um að hann væri að greiða réttum aðila, þegar hann innti greiðsluna af hendi 13. desember 1982.“

Til frekari stuðnings því, að tilkynning um kröfuframsalið hafi ekki verið nægilega glögg og ekki í samræmi við góðar viðskiptavenjur, hefur stefnandi bent á, að í lið 2 a í framlögðum samningi stefnanda og Scandinavian Fashion A/B er svo fyrir mælt, að texti framsalsins skuli prentaður á - *framhlíð* viðkomandi vörureiknings.

V.

Álit meirihluta dómenda:

Í framlögðum samningi stefnanda við Scandinavian Fashion A/B um lán út á vörureikninga, grein 2-a í þeim hluta samningsins, sem nefndur er „almennir skilmálar“, segir m.a.: „Textinn skal prentaður á framhlíð reikningsins eftir sérstökum fyrirætlum Faktorsins.“ Telja verður, að þetta ákvæði um, að kröfuframsal skyldi vera á áberandi stað á skjalinu, sé ekki að tilefnislausu, heldur sé þarna um lágmarkskröfu að ræða til skírleika framsalstilkynningar og viðurkenningar stefnanda á því, að önnur og ógreinilegri tilkynning sé ófullnægjandi eða geti verið það og auk þess ekki í samræmi við góðar viðskiptavenjur.

Þegar stefnandi veitti stefnda (sic) lán út á vörureikninginn, fékk hann í hendur afrit reikningsins og vissi því, að tilkynning til stefnda uppfyllti ekki umrædda samningsskilmála og var þannig úr garði gerð, að hún var til þess fallin að leynast fyrir viðtakanda reikningsins. Er þá einnig haft í huga, að ekki einasta var vörureikningurinn skráður á reikningsform Scandinavian Fashion A/B, heldur tilgreindi farmbréf og önnur viðskipta-skjöl þann aðilja einnig sem vöruseljanda.

Þrátt fyrir þetta veitti stefnandi lán út á vöruna og gerði engar ráðstafanir

til þess að bætt yrði út þessum mistökum vöruseljandans, t.d. þannig, að vöruseljandinn sendi áréttingu til stefnda um kröfuframsalið, eða stefnandi sendi sjálfur tilkynningu, þar sem hann skýrði frá kröfuframsalinu og veki athygli á því. Stefnanda mátti þó ljóst vera, að sérstakrar aðgæslu væri þörf, þar sem hér var um að ræða viðskiptahætti, sem eru á þessu kaup-sýslusviði nýlegir og í þróun. Með þessu sýndi stefnandi, sem hefur yfir fagkunnáttu að ræða á umræddu viðskiptasviði, af sér grófa vanrækslu.

Þegar alls þessa er gætt og þó einkum þess, hvornig kröfuframsalið var úr garði gert, þá er það niðurstaðan, að telja verður, að stefndi hafi greitt hinum upphaflega kröfuhafa í góðri trú og án þess að sýna af sér slíkt gáleysi, að hann teljist þar með ekki hafa leyst frá kröfunni. Leiðir það til sýknu í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dóm þennan kváðu upp Georg Tryggvason hdl. og Pétur Sigurðsson kaupmaður, sem báðir eru framkvæmdastjórar innflutningsfyrirtækja.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útilíf h/f, er sýknaður af kröfum stefnanda, Independent Factoring A/B, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

dómsformannsins, Más Péturssonar héraðsdómara.

I.

Ég vísa til kafla I-IV. hér að framan, en tel þörf á að bæta við málavaxtalýsingu og nýjum kafla svohljóðandi:

Varðandi vaxtakröfu hefur lögmaður stefnanda á það bent, að í bréfi því frá 25.8. 1983, þar sem honum er falin innheimta kröfunnar, er farið framá 24% ársvexti, og á vörureikninginn frá Scandinavian Fashion A/B er skráð: „Betalingsvillkor: 30 daga netto/10 dagar 2%.“ Enga grein hefur stefnandi gert fyrir því, við hverskonar vexti vaxtakrafa hans er miðuð, né því, hvort og þá hvornig þeir vextir hafa breyst í Svíþjóð á þeim tíma, er vaxtakrafan tekur til.

Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfu sérstaklega. Hvorki hefur stefndi haldið því fram, að vexti eigi að ákvarða með vísan til 2. mgr. c-liðs 2. tl. IV. kafla í auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 1. nóvember 1982, 21. september 1983, 21. október 1983, 21. nóvember 1983, 21. desember 1983 og 21. janúar 1984, sem allar eru gefnar út samkvæmt heimild í 5. gr. 1. nr. 58/1980, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10/1961, né heldur hefur stefndi upplýst eða skorað á stefnanda að upplýsa um með

vottorði Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. tilvitnaðs c-liðs 2. tl. IV. kafla, um vaxtafót í Svíþjóð og breytingar á honum á því tímabili, er vaxtakrafan tekur til, t.d. um breytingar hinn 21. janúar 1983 og 8. apríl sama ár, en ef upplýst hefði verið um þær breytingar, kynni það einnig að hafa haft áhrif á túlkun á samningi um dráttarvexti, en ætla má, að stefnandi hafi í huga um vaxtakröfu sína umsamda dráttarvexti skv. 1. tl. 1. mgr. III. kafla áður tilvitnaðra auglýsinga Seðlabanka Íslands.

II.

Ég fellst ekki á hinar eiginlegu forsendur meirihluta dómsins í kafla V né dómsorð og tel, að álit réttarins og dómsorð eigi að vera svohljóðandi:

Á vörureikning þann, sem stefndi fékk, var skráð framsal til stefnanda á kröfunni samkvæmt honum. Þetta framsal var skráð við hlið tilgreindrar heildarfjárhæðar reiknings í niðurlagi hans. Framsalið var skráð með sama letri og annar texti reikningsins. Það atvik, að umrædd framsaltilkynning skyldi fara framhá starfsmönnum stefnda, hefur annað tveggja stafað af gáleysi þeirra eða þá því, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir lagalegri þýðingu kröfuframsals fyrir skuldara.

Þótt umræddur vörureikningur og innflutningsskjöl tilgreindu Scandinavian Fashion A/B sem seljanda vörunnar og væru að því leyti til þess fallin að villa um fyrir kaupandanum, stefnda, einkum þar sem ekki fylgdi á sjálfstæðu skjali tilkynning um kröfuframsalið, þá er á hitt að líta, að þarna var um að ræða fyrstu vörukaup stefnda frá Scandinavian Fashion A/B og því sérstök ástæða til aðgæslu um það, hverjir væru viðskiptahættir seljanda, t.d. hvort hann framseldi vörureikninga sína 3ja manni, sem ætti þá að taka við greiðslum.

Stefndi hefur ekki borið þá málsástæðu fyrir sig, að stefnandi sé ekki réttur aðili kröfunnar, þ.e. veðhafi, en ekki eigandi, og eigi heldur borið fyrir sig að stefnandi kunni að hafa fengið greiðslu kröfunnar að hluta úr þrotabúi Scandinavian Fashion A/B, og þarf því ekki að fjalla um þau atriði.

Vaxtakröfu er ekki mótmælt sérstaklega, og ber því að taka hana til greina.

Málskostnaður stefnanda til handa telst hæfilega ákveðinn kr. 85.000,00.

D ó m s o r ð mitt verður því:

Stefndi, Útílf h/f, greiði stefnanda, Independent Factoring A/B, sænskar krónur 128.901,00 með 24% ársvöxtum frá 30.11. 1982 til greiðsludags og kr. 85.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.